



Heilbrigðisnefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Akureyri 3. júlí 2008.

Efni: Umsögn Sjúkrahússins á Akureyri varðandi frumvarp til laga um sjúkraskrár, 635. mál, heildarlög.

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri þakkar fyrir að fá til umsagnar varðandi lög um sjúkraskrár.

Ný lög um sjúkraskrár eru til mikilla bóta þar sem eldri lög taka ekki til rafrænna sjúkraskráa eða samtengingu slíkra kerfa.

Við álitum að eðlilegra væri að ganga lengra í lögnum og ganga út frá því að um eitt sjúkraskrárkerfi væri að ræða á heilbrigðisstofnunum á Íslandi. Það gerði sjúkraskrárkerfið skilvirkara og jafnframt sparaðist með því fé.

Verður nú hér á eftir fjallað um einstaka greinar frumvarpsins.

Engar athugasemdir eru við 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Í 3. gr. er eðlilegt að umboðsmaður sjúklings sé skilgreindur.

Við 4. gr. er ekki athugasemd.

5. gr. Eðlilegt er að álíta að allar sjúkraskrárupplýsingar séu viðkvæmar og því sé ekki nauðsynlegt að fjalla um það sérstaklega í lögum. Ef slíkt reynist nauðsynlegt þarf að skilgreina hvað "sérstaklega viðkvæmar sjúkraskrár" eru. Sú skilgreining sem fram kemur í 13. gr. er opin og afar ósértæk.

Í 5. gr. er einnig tekið fram að sjúkraskrárupplýsingar skuli færðar jafnóðum og þeirra er aflað ef unnt er en ella að jafnaði innan 24 stunda frá þeim tíma er þeirra var aflað. Þetta er eðlilegt og sjálfsgagt en er íþyngjandi og kemur til með að kosta fé til lengri tíma litið.

Í 6. gr., 9. lið er sagt að færa skuli sjúkraskrárgreiningu. Eðlilegt er að greiningin feli í sér kóðun, svokallaða ICD-10 kóðun.

Ekki eru athugasemdir við 7., 8. og 9. gr.

Í 10. gr. er þess getið að ef sjúklingur færir sig frá einni heilsugæslustöð til annarrar þá skuli vista afrit sjúkraskrár hans í því sjúkraskrárkerfi sem notað er á þeirri stöð sem hann flyst til. Enn er athygli vakin á því að ef um eitt rafrænt sjúkraskrárkerfi á landinu er að ræða, þá þarf þetta atriði ekki að koma til þar sem sjúkraskráin er þá alltaf til staðar.

11. gr. Reikna má með því að eftir 30 ár og vonandi miklu fyrr verði allar upplýsingar rafrænar í sjúkraskrá og því er spurning hvort þjóðskjalasafn geti tekið við rafrænum afritum eða ekki.

12. gr. ekki athugasemd.



13. gr. Ákvæði um að sjúklingur geti ákveðið sjálfur hvaða heilbrigðisstarfsmenn eða heilbrigðisstofnun hafi aðgang að upplýsingum um sig getur verið mjög snúið í útfærslu og kemur til með að auka kostnað. Það atriði að sjúklingur eða umboðsmaður hans geti lagt bann við að tiltekinn starfsmaður eða starfsmenn hafi aðgang að sjúkraskrá hans er á sama hátt mjög erfitt í framkvæmd og kemur til með að falla til verulegur kostnaður ef á að vera hægt að fylgja þessu ákvæði eftir. * sjá 5. gr.

Í 14. gr. er það tekið fram að sjúklingur á rétt á því að fá upplýsingar frá umsjónaraðila sjúkraskrár um það hverjir hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá hans, m.a. með samþykki sjúkraskrárkerfa, hvar og hvenær upplýsinga var aflað og í hvaða tilgangi. Þessu ákvæði er einungis hægt að framfylgja sé um að ræða rafræna sjúkraskrá. Ef um pappírssjúkraskrá er að ræða er það ekki fært til bókar hverjir lesa skrána og engin leið er því að fylgja þessu ákvæði eftir.

Ekki er athugasemd við 15., 16., 17. og 18. gr.

Hvað varðar 19. gr. þá vil ég enn benda á að eðlilegt er að í svo litlu landi sem Íslandi sé aðeins eitt sjúkraskrárkerfi og því sé ekki eðlilegt að hægt sé að banna samtengingu sjúkraskrárkerfa.

20. gr. Enn og aftur er í lögnum mjög viðtækur réttur sjúklings til að banna miðlun upplýsinga sem eru mjög flóknar og allt að því óframkvæmanlegar í framkvæmd. Annars vegar tæknilega og hins vegar ef tæknilegi þátturinn er leystur fellur til aukinn kostnaður.


21. gr. Við erum þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að á Íslandi sé eitt sameiginlegt sjúkraskrárkerfi.

22. gr. Hér er sama sjónarmið uppi. Þetta er nánast óframkvæmanlegt og kemur til með að fylgja aukinn kostnaður.

23., 24., 25., 26., 27. gr. ekki athugasemdir

Við fögnum framkomnu frumvarpi um sjúkraskrár, þó með þeim fyrirvara að eðlilegt er að á Íslandi sé eitt sjúkraskrárkerfi og við teljum að tæknilega sé mjög erfitt að framfylgja öllum þeim takmörkunum og fyrirvörum sem fram koma í frumvarpinu. Í svo litlu landi sem Íslandi er eðlilegt að eitt sjúkraskrárkerfi sé til staðar. Það í sjálfu sér mundi breyta lögum þessum verulega ef það yrði niðurstaðan. Sú athugasemd sem fram kemur frá Fjármálaráðuneytinu um að rafræn sjúkraskrá hafi ekki í för með sér aukin útgjöld er talsýn. Reikna þarf með því að nýtt sjúkraskrárkerfi kosti og það þarf að tryggja fjármagn til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. framkvæmdastjórnar-FSA,



Þorvaldur Ingvarsson,
framkvæmdastjóri lækninga.